



Ávarp forseta Íslands

Æskan og öldin hafa haldist í hendur. Líkt og systur tvær, yngri og eldri. Samfylgd þeirra hefur verið okkur gjöful. Æskan hefur veitt kynslóðunum veganesti sem vel hefur dugað í lífinu. Öldin hefur skapað mesta breytingaskeið í sögu Íslendinga.

Nú er Æskan 100 ára, rétt á undan yngri systur, öldinni. Þegar síðast voru aldamót var Æskan nýlega farin að hlaupa um og sýna hvað í henni bjó. Fæstir hefðu þó vænst þess að þegar næst yrðu aldamót væri Æskan enn í fullu fjöri, færandi börnum og unglíngum á tíð tölvuheims og veraldarsjónvarps, geimferða og heimsóknna til Mars og Mána, bæði gleði og fróðleik, skemmtan og visku líkt og hún gerði þegar kerti og spil voru helstu jólagjafir í litlum torfbæjum íslenskra sveita.

Þegar ég var strákur að leik í fjörunni vestur á fjörðum, veiddi marhnút á bryggjunni og byggði snjóhús á vetrum skóp koma Æskunnar með póstskipinu sannkallaða hátíð í bæ. Hvert eintak var lesið aftur og aftur. Sögur og myndir, skrítlur og gátur urðu gamlir og góðir kunningjar sem við krakkarnir kunnum að lokum utanað.

Þannig hefur Æskan fóstorað sérhverja kynslóð Íslendinga alla þessa öld. Hún hefur verið okkur annað heimili og hollur skóli. Þjóðin á henni mikið að þakka.

Á merkum vegamótum færi ég Æskunni hamingjuóskir og vona að heillastjarna lýsi henni áfram á nýrri öld.

Í umróti breytinganna, þegar heimsmyndin er sífellt að taka stakkaskiptum, er nauðsynlegt hverri þjóð að eiga sér taug sem tengir kynslóðirnar saman.

Æskan er okkur Íslendingum slík taug. Megi hún ávallt vera traust, tvinnuð saman af ferskum taumum og þrautgóðum.

Hamingjuóskir til lesenda og allra velunnara Æskunnar.

Ólafur Ragnar Grímsson

